

Fréttapistill frá forseta Íslands

25. maí 2020

Í gær héldum við fjölskyldan vestur á Snæfellsnes og nutum þar gestrisni heimamanna, fórum í sund í Ólafsvík og gerðum okkur glaðan dag. Vel heppnuð heimsókn í Skagafjörð um þarsíðustu helgi er okkur enn í fersku minni.

Á mánudaginn var afhenti ég Íslensku safnaverðlaunin við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu í Reykjavík. Í ávarpi vitnaði ég m.a. í orð Hannesar Hafsteins, fyrsta ráðherra Íslands, þegar húsið var vígt árið 1909: „Hvarvetna og í öllu er það nútímans reynsla að þekkingin er það sem sigrinum ræður.“ Þetta eru orð að sönnu sem vel má hafa í huga um þessar mundir, nú þegar okkur hefur tekist vel upp í baráttu okkar við veiruna skæðu, á grundvelli vísinda, þekkingar og reynslu. Áfram þurfum við þó að vera á verði en vissulega er fagnaðarefni að í dag hefur verið slakað enn frekar á vörnum gegn vágestinum. Smám saman færast samfélagið í eðlilegt horf en við munum eflaust sakna upplýsingafunda Ölmú, Víðis og Þórólfs, okkar ágætu framvarðasveitar sem sannfærði þjóðina um mikilvægi almanna- og veiruvarna - í krafti þekkingar og vísu, ekki valds og þótta.

Ég nefni áfram um söfnin að um land allt eru skemmtileg og fróðleg söfn sem gaman er að skoða. Ég tek til dæmis hér það síðasta sem ég fór í, Sturlungaaldarsýninguna á Sauðárkróki, 1238.is þar sem hægt er að halda inn í horfinn heim með hjálp tækni og sýndarveruleika. Bæði í Skagafirði og á Snæfellsnesi heyrði maður á fólki að Íslendingar virtust nú þegar vera orðnir duglegir við að ferðast meir um landið en áður og það er auðvitað fagnaðarefni. Allir hagnast á því!

Tungumál okkar er einn mikilvægasti þáttur okkar menningararfs. Íslenska er lifandi tunga sem breytist en samt getum við lesið fornar sögur án mikilla vandkvæða og við viljum auðvitað efla málið og tryggja stöðu þess í samtíð og framtíð. Þar skiptir miklu að við komum íslensku máli inn í tól okkar og tæki, að við getum talað íslensku við snjallsímana svo að dæmi sé tekið en þurfum ekki að reiða okkur á Siri eða Alexu sem skilja ekki okkar ástkæra, ylhýra mál. Undanfarin ár hafa samtökin Almanna- og veiruvarna-unnioð að þessu verkefni og ég hef lagt því lið eftir bestu getu hér heima og erlendis, nú síðast á þriðjudaginn var með því að afhenda verðlaun í lestrarkeppni grunnskóla þar sem raddsýnum var safnað af miklum móð. Það mun gagnast vel í þessari vinnu. Á meðal skóla með færri en 450 nemendur bar Smáraskóli sigur úr bítum og Grunnskólinn á Þórshöfn lenti í öðru sæti. Í keppni skóla með yfir 450 nema varð Hraunvallaskóli hlutskarpastur og næstur honum kom Salaskóli. Ég óska nemendum þessara skóla til hamingju og þakka öllum sem tóku þátt í keppninni. Ég vek einnig athygli á því að allir geta stutt við íslensku í rafrænum heimi með því að taka þátt í verkefninu Samrómur og senda þar inn raddsíni, sjá <https://samromur.is/>.

Nauðsynlegar varnir gegn farsóttinni hafa valdið miklum búsiþjófum, ekki síst í ferðaþjónustunni. Efnahagsþrengingar skullu á og ekki sér fyrir endann á þeim. Þá er brýnt að bregðast við og leita lausna. Aftur mun birta til í ferðamannageiranum en við þurfum líka að efla enn frekar aðra þætti efnahagslífsins, bæði þá hefðbundnu og hina

nýrri sem tengjast einmitt gjarnan. Nýsköpun okkar daga snýst um hátækni og fjórðu iðnbyltinguna, framþróun og skapandi hugsun. Síðustu daga hefur svonefnt hakaþon staðið yfir og hvatti ég fólk til þátttöku í því í þessu myndbandi sem sjá má hér: <https://www.youtube.com/watch?v=VT1WtpVygM>

Í gær var ég í Silfrinu um forsetatíð mína og forsetakjör. Hægt er að horfa á það viðtal hér: <https://www.ruv.is/.../29054/8l2ifk/gudni-th-johannesson>

Í síðustu viku sinnti Eliza einnig ýmsum verkefnum sem tengjast embættinu eins og fyrri daginn. Hún afhenti heiðursverðlaun þegar Íslensku hljóðbókaverðlaunin voru veitt og féllu þau í hlut Gísla Helgasonar og flutti ávarp á aðalfundi Rauða krossins þar sem hún þakkaði sjálfboðaliðum þeirra drjúga starf í þágu mannúðar hér heima og erlendis, ekki síst við hinar erfiðu og mæðusömu aðstæður sem farsóttin skóp.

Nú er hafin kosning utan kjörfundar vegna forsetakjörs. Upplýsingar um kjörstaði innanlands má sjá hér: <https://www.syslumenn.is/atkvaedagreidsla-utan-kjorfundar...> Upplýsingar um kosningu erlendis má finna hér: <https://www.stjornarradid.is/.../Utankjorfundaratkvaedag.../>

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.